



Ársskýrsla BLÍ

2020-2021



ÍSLANDSMEISTARAR 2021

AFTURELDING



ÍSLANDS- OG BIKARMEISTARAR 2021

HAMAR



BIKARMEISTARAR 2021

HK

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ.....	3
Nefndir BLÍ	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2021	5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2020-2021.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Móta- og dómaramál	7
Fjölmíðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins	8
Erlend samskipti.....	8
Fjármál	9
Framtíðin.....	9
Skýrsla mótanefndar BLÍ	10
Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ	11
Skýrsla strandblaknefndar	11
Skýrsla afreksnefndar BLÍ	12
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	13
Ársreikningur 2020.....	14
Viðaukar.....	25

Blaksamband Íslands

2020-2021

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Dagbjört Víglundsóttir
Gjaldkeri	Árni Jón Eggertsson
Ritari	Hrafnhildur Theódórsdóttir
Meðstjórnandi	Svandís Þorsteinsdóttir
Varastjórn	Steinn Einarsson Valgeir Bergmann Ásthildur Gunnarsdóttir
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
Verkefnastjóri	Óli Þór Júlíusson

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Friðrika Marteinsdóttir
Óskar Þórðarson
Óli Þór Júlíusson

Dómaranefnd

Leifur Harðarson
Jón Ólafur Valdimarsson
Sævar Már Guðmundsson

Aganefnd

Hreggviður Norðdahl
Jason Ívarsson
Þorvaldur Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Landsliðsnefnd

Dabjört Víglundsóttir
Kristján Geir Guðmundsson
Steinn Einarsson
Ásthildur Gunnarsdóttir

Yngriflokkaráð

Í ráðinu er fólk úr öllum landsfjórðungum ásamt
fólki frá BLÍ. Mótamál eru undir mótanefnd.

Strandblaknefnd

Valgeir Bergmann, formaður
Sigurður Garðar Barðason
Benedikt Baldur Tryggvason
Að auki eru í nefndinni mótshaldarar

Fjölmiðlafulltrúar

Sævar Már Guðmundsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Andri Hnikarr Jónsson
Velina Apostolova
Valþór Ingi Karlsson
Kristín Salín Þórhallsdóttir
Steinn Einarsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2021

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1982	2519	1995	1961	2008	2076
1970	237	1983	2426	1996	1592	2009	2005
1971	479	1984	2362	1997	1592	2010	2013
1972	649	1985	2362	1998	1217	2011	2316
1973	855	1986	2775	1999	1662	2012	2337
1974	1334	1987	2955	2000	1862	2013	2785
1975	1609	1988	2906	2001	1345	2014	2987
1976	1974	1989	2869	2002	1786	2015	3149
1977	2257	1990	2718	2003	1981	2016	3323
1978	2501	1991	2567	2004	1830	2017	3193
1979	2567	1992	2200	2005	1624	2018	3439
1980	2579	1993	2074	2006	1827	2019	3195
1981	2513	1994	1848	2007	1918	2020	3317

Árสปing BLÍ 5. júní 2021

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnaflóki	HHF	0	1	0
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	194	1	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	266	7	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	172	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	237	5	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	33	1	1
Íþróttabandalag Akureyrar	IBA	304	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	IBH	61	1	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	IBR	199	10	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	IBV	11	1	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	IRB	64	2	1
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	9	4	1
Ungmennna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	479	6	1
Ungmennna og íþróttasamband Fjallabyggðar	ÚÍF	206	3	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	15	1	1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	121	2	1
Ungmennasamband Kjalarnesþings	UMSK	666	12	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	UMSS	19	1	1
Ungmennasambandið Úlfjótur	USÚ	189	1	1
Ungmennasamband V-Húnvetninga	USVH	17	1	1
Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	55	0	1
Samtals		3317	68	20

20 af 21 sambandsaðilar með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið
31 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2020-2021

Samtals fulltrúar **88**

Dagskrá

49. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 5. júní 2021, kl. 10.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé – kl.12.30 Verðlaunaafhending Lið ársins 2020-2021

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) kosning formanns til tveggja ára,
 - b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - c) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - d) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2020-2021

Stjórn og framkvæmdastjórn

Þingheimur 48. ársþings BLÍ kaus þær Dagbjörtu Víglundsdóttur og Hrafnhildi Theódórsdóttur í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Árni Jón Eggertsson og Svandís Þorsteinsdóttir. Í varastjórn voru þau kosin Steinn Einarsson, Valgeir Bergmann og Ásthildur Gunnarsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Varaformaður, Dagbjört Víglundsdóttir, gjaldkeri Árni Jón Eggertsson, ritari Hrafnhildur Theódórsdóttir og meðstjórnandi Svandís Þorsteinsdóttir.

Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi en hann fagnaði 15 ára starfsafmæli þann 1. ágúst sl. Óli Þór Júlíusson er mótastjóri BLÍ í vinnu á skrifstofu BLÍ. Í maí 2021 var úrræði stjórnvalda um „Hefjum störf“ nýtt til þess að ráða Elsu Gunnarsdóttur sem verkefnastjóra yfir grunnskólamót BLÍ.

Stjórnin hélt 13 bókaða fundi á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti með tölvubréfum og símtölum. Flestir fundir voru fjarfundir haldnir á Teams.

Móta- og dómaramál

Íslandsmótið á tímabilinu var skrítið vegna COVID 19 og þeirra samkomutakmarkana sem settar voru á samfélagið af stjórnvöldum. Í upphafi tímabils leit út fyrir að leikið yrði í fjórum deildum karla og sjö deildum kvenna. Alls voru 102 lið í Íslandsmóti BLÍ á þessu leiktímabili. Þar sem heimsfaraldurinn stöðvaði allt mótahaldið tímabilið á undan og hvorki Íslands- né bikarmeistarar krýndir var ekki haldin meistarakeppni að hausti. Því var þeim liðum sem skráðu sig til leiks í úrvalsdeild boðið í stærra upphitunarmót sem nefnt var Ofurbíkar BLÍ, haldinn á Akureyri um miðjan september.

Í Mizunodeild karla var met slegið í þátttöku þegar 9 lið mættu til leiks en í Mizunodeild kvenna voru áfram 6 lið. Keppni hófst í kringum 20. september en eftir aðeins nokkrar vikur af keppni var keppni stöðvuð vegna samkomutakmarkana út af heimsfaraldri COVID19. Keppni fór af stað að nýju í janúar án áhorfenda en félögin fengu þó heimild til þess að æfa frá 10. desember. Það hjálpaði mikið til við endurræsingu mótsins en niðurröðun leikja var mjög þétt fram á vorið.

Keppni í tveimur efstu deildum Íslandsmótsins var haldið til streitu í vetur og var reynt að halda mót fyrir neðri deildirnar en þau voru slegin af í mars þegar útséð var að samkomutakmörkunum yrði ekki aflétt nógu mikið til að hægt væri að halda svo stór mót. Bikarkeppni BLÍ var breytt og hún stýtt og leikið var til úrslita í Kjörísbikarnum 14. mars 2021 en í byrjun mars hafði áhorfendum verið hleypt á íþróttaviðburði undir mjög ströngum skilyrðum keppnishaldara.

Annað samkomubann var sett á í lok mars og setti Íslandsmótið úr skorðum en aflýsa þurfti um 40 leikjum á tímabilinu vegna COVID. Tímabilið var þó klárað með úrslitakeppni í maí mánuði með krýningu Íslandsmeistara og vali í lið ársins.

Blaksambandið setti ný skilyrði fyrir tölfraðigreiningu leikja í vetur með félögunum. Í nokkur ár hefur leikskýrslan og tölfraðin verið rafræn á netinu og nú var ákveðið að útvista tölfraðinni. Félögin tóku upp alla leik með sjónarhorni þess sem slær inn tölfraði í blakleikjum og var myndbandinu hlaðið inn í forrit. Erlendir aðilar sáu svo um að slá inn kóða fyrir tölfraði leikjanna en BLÍ greiðir fyrir þessa þjónustu. Verkefnið tókst vel og þó svo að hnökrar hafi verið til staðar í upphafi að þá er mikilvægt að byggja enn frekar ofan á þetta á næsta tímabili.

Vegna COVID var lið fyrri hluta leiktímabilsins ekki verðlaunað í desember eins og verið hefur. Lið ársins 2020-2021 verður kunngjört á ársþingi BLÍ laugardaginn 5. júní 2021.

Öldungamót BLÍ var felld niður annað árið í röð vegna COVID 19 en næsta mót verður haldið í Kópavogi vorið 2022.

Fjöldi dómara stóð í stað ár frá ári og því gekk ágætlega að fá dómara til starfa. Það er samt töluvert langt í land að fjöldi dómara sé nægjanlegur. Leiðin til að efla þennan hluta íþróttarinnar er að bjóða uppá regluleg dómaranámsskeið og þarf blaksambandið og dómaranefndin að koma því verkefni af stað. Aðildarfélögin þurfa á sama tíma að hvetja sína félagsmenn og finna þá aðila sem vilja koma að þessum mikilvæga hluta íþróttarinnar..

Alþjóðlegir dómarar BLÍ fengu ekki verkefni á starfsárinu vegna COVID 19.

Nánari upplýsingar um mótahald BLÍ er að finna í skýrslu mótanefndar hér aftar í skjalinu.

Fjölmiðlar og samskipti

Áskorunin og markmið sambandsins er að auka sýnileika og umfjöllun um íþróttina og líkt og undanfarin ár hafa blakfréttir.is borið höfuð og herðar yfir aðra miðla þegar kemur að umfjöllun um blak og er það verðmætt fyrir íþróttina að hafa þennan miðil. Til að ná athygli fjölmiðla þarf hreyfingin í heild að vera samstíga að koma íþróttinni á framfæri með því að senda upplýsingar, myndir og umfjöllun um okkar viðburði til fjölmiðla á meðan við erum á þeim stað, gagnvart umfjöllun, sem við erum á í dag. Blaksambandið skorar einnig á fjölmiðla að veita íþróttinni athygli og umfjöllun og leggur mikið uppúr góðu og opnu samstarfi við fjölmiðla landsins.

Samfélagsmiðlar eru og munu verða sífellt stærri hluti af umfjöllun og sýnileika íþróttarinnar og þar liggja ekki síður tækifæri sambandsins til að ná til stærri hóps. Facebook síða blaksambandsins hefur verið helsti vettvangurinn þegar kemur að samfélagsmiðlum og Instagram hefur verið nýtt þegar um stærri viðburði er að ræða. Tækifæri eru til staðar til auka enn frekar við þennan upplýsingarhluta og sýnileika sambandsins og er það eitt af verkefnum nýrrar stjórnar að móta stefnu og umgjörð um þennan hluta starfsemi sambandsins.

Blaksambandið gerði samning við erlendan aðila um beint streymi frá leikjum í Mizunodeildum karla og kvenna. Streymið var á heimasíðu BLÍ og eru leikir aðgengilegir á síðunni eftir að þeim er lokið og um ókomna tíð. Hér er um gríðarlega stórt skref að ræða fyrir hreyfinguna og vonumst við til að þessi leið verði jafnvel stækkuð og meira gert úr þessu í nánustu framtíð. Með þessu móti er aðgengi til að horfa á íþróttina til staðar og í þessu felast sóknartækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar og að auka sýnileika og aðgengi fjölmiðla að blaki sem þarf að virkja.

Heimasíða sambandsins, www.bli.is, er upplýsingasíða sem allir geta leitað. Ekki má líta á heimasíðuna sem fjölmiðil en inn á hana fara þó allar helstu tilkynningar sem sambandið þarf að koma frá sér.

Samskipti við fjölmiðla hafa helst verið í gegnum heimasíðu BLÍ eða með tölvubréfum. Auka þarf samskipti við fjölmiðla beint til þess að auka umfjöllun um íþróttina.

Blakfólk ársins

Ævarr Freyr Birgisson og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir voru blakfólk ársins 2020. Á árinu unnu þau bæði til fjölmargra verðlauna. Ævarr Freyr er leikmaður Marienlyst í Danmörku og Jóna Guðlaug leikmaður Hylte/Halmstad í Svíþjóð.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ tók þátt í rafrænu ársþingi FIVB sem haldið var í nóvember sl. Þá voru ýmsir rafrænir fundir með erlendum aðilum sem bæði formaður og framkvæmdastjóri sóttu en lítið var um ferðalög til útlanda á starfsárinu.

Fjármál

Velta sambandsins ber þess merki að heimsfaraldur var nánast allt árið en hún var um 42 milljónir árið 2020. Rekstur sambandsins var jákvæður og skilar sambandið hagnaði sem er að mestu tilkomin vegna þess að umsvifin í afreksstarfi drógust töluvert saman miðað við árið á undan. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2020.

Framtíðin

Starfsárið sem nú er um garð gengið hefur verið mikil áskorun fyrir alla aðila innan blaksambandsins vegna COVID19. Blaksambandi vill þakka öllum aðilum innan hreyfingarinnar fyrir þrautseigju þeirra á síðastliðnum 14-15 mánuðum og að hafa haldið uppi merkjum íþróttarinnar á mjög svo sérstökum tímum. Því miður hefur heimsfaraldurinn haft áhrif á allt okkar starf og þær áskoranir sem eru framundan eru margvíslegar.

Framundan eru bjartari tímar og hefur blaksambandið notað síðasta starfsár til þess að horfa til framtíðar. Uppbygging og efling barna- og unglingastarfs verður eitt af þeim verkefnum sem ververður gert hátt undir höfði ásamt því að koma afreksstarfi aftur af stað. Mikilvægt er að halda vel utan um öldungahópinn okkar þar sem tvö síðustu öldungamót hafa fallið niður og það er verðmætt, í félagslegum skilningi, að tryggja að brottfall sé ekki í þessum hópi. Það verður því sérstaklega ánægjulegir dagar 28.-30. apríl 2022 þegar 46. öldungamótið verður haldið „Undir sama þaki“ í Kórnum í Kópavogi.

Eitt af mikilvægustu verkefnum sem fyrir liggur hjá blaksambandinu er grunnskólaverkefni í blaki og hefur verið undirritaður samningur til fjögurra ára milli BLÍ, ÍSÍ, UMFÍ og CEV (Evrópska blaksambandið), en þetta verkefni er það stærsta sinnar tegundar sem CEV hefur komið að. Verkefnastjóri BLÍ leiðir þetta verkefni ásamt starfshóp og er vinnan komin vel af stað en skólablakið mun vera haldið um allt land og verður fyrsta mótið í október og nóvember 2021.

Endurræsing afreksstarfs er eitt af verkefnum næsta starfsárs og er nú þegar búið að leggja drögin að þeirri endurræsing og hefur Afreksstjóri BLÍ stjórnað því verkefni.

Á síðasta starfsári var mikilvægu skrefi náð þegar þjálfaramenntunarkerfi BLÍ fór af stað síðasta sumar með námskeiðum. Áframhald verður á námskeiðunum og verða þau haldin með reglubundnum hætti á næstu misserum og árum. Fyrir framtíðarvöxt íþróttarinnar er þetta gríðarlega jákvætt skref og kemur til með að auka fagmennsku í allri þjálfun í blaki og mun skila aðildarfélögunum og blaksambandinu öflugri og stærri hópi iðkenda til lengri tíma.

Strandblak hefur verið í gífurlegum vexti á Íslandi og síðasta sumar hefur aldrei verið eins mikill fjöldi iðkenda í strandblaki og síðasta sumar. Blaksambandið gerir ráð fyrir því að þátttaka á stigamótum og Íslandsmóti verði einstaklega góð þetta árið og spennandi tímar framundan í strandblakinu. Í sumar verða tvö pör í kvennaflokki að keppa erlendis en Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir munu spila á ítalska túrnum í strandblaki og Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir á danska túrnum. Bæði þessi lið spila fyrir Íslands hönd í SCA móti í byrjun júní og eru þegar skráð á fjölmörg World Tour mót á vegum FIVB.

Krefjandi ár nú að baki og við taka spennandi tímar. Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum sambandsins fyrir þeirra stuðning við hreyfinguna og ekki síður vill blaksambandið þakka öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2020-2021 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson skipaður formaður mótanefndar BLÍ og með honum í nefndinni voru Friðrika Marteinsdóttir og Óskar Þórðarson. Óli Þór Júlíusson er mótastjóri og vinnur það í samstarfi við mótanefnd.

Mótamál meistaraflokka

Engin meistarakeppni BLÍ fór fram fyrir keppnistímabilið þar sem engir bikar- né Íslandsmeistarar voru krýndir tímabilið 2019-2020 vegna Covid. Ákveðið var að setja upp stærra mót að hausti þar sem öllum liðum í efstu deild var boðið að taka þátt. Stærsti hluti félaganna mætti í mótið, sem bar nafnið Ofurbikar BLÍ og fór fram á Akureyri. KA vann í karlaflokki og HK í kvennaflokki. HK fékk verðlaun fyrir sóttvarnir á meðan móti stóð.

Deildakeppni hófst með hefðbundnu sniði um miðjan september og gekk keppni nokkuð vel þrátt tvö stopp sem stóðu yfir frá 6. október til 15. janúar annars vegar og 24. mars til 21. apríl hins vegar. Þessi stopp orsökuðu að ekki var hægt að ljúka öllum leikjum í deildarkeppni tveggja efstu deildanna. Covid reglugerð BLÍ kom þá að góðum notum til að taka ákvörðun um hvernær væri hægt að ljúka deildarkeppni áður en haldið væri í úrslitakeppni. Reglugerðin tók mið að því að 2/3 hlutar leikja í hverri deild fyrir sig yrði að klárast áður svo hægt væri að krýna deildarmeistarar. Deildarkeppni lauk seinni part apríl mánaðar og var karlalið Hamars og kvennalið HK krýnd deildarmeistarar.

Úrslitakeppni BLÍ var með óhefðbundnu sniði vegna faraldursins og þar sem deildarkeppnin stýttist þó nokkuð þá var ákveðið að öll þátttökulið í efstu deild fengu að reyna sig í úrslitakeppninni. Útfærslan heppnaðist ágætlega og var leikið með gullhrinufyrirkomulagi fram að undanúrslitum kvenna og úrslitaeinvígi karla. Úrslitakeppnin hófst í lok apríl og lauk 22. maí hjá konunum en 26. maí hjá körlunum. Hamar varð Íslandsmeistari karla eftir sigur á KA 2-0 og Afturelding varð Íslandsmeistari kvenna eftir sigur á HK 2-1.

Völsungur varð deildar- og Íslandsmeistari 1. deidar á keppnistímabilinu.

Íslandsmót neðri deilda fór ekki fram á tímabilinu en Covid stoppin gerðu það að verkum að ekki var hægt að halda fjölleikamót vegna fjöldatakmarkanna.

Bikarkeppni BLÍ var einnig aðlöguð að aðstæðum í þjóðfélaginu á liðnu keppnistímabili. Til stóð að hefja bikarkeppnina í byrjun október en í staðinn hófst keppni ekki fyrr en um miðjan febrúar. Einungis efstu- og 1. deildar félögin fengu að taka þátt á þessu tímabili þar sem tímaramminn var knappur. Leikin var ein umferð áður en farið var í 8 liða úrslit sem voru leikin 3.-7. mars. Bikarhelgi BLÍ, FINAL4, fór fram 12.-14. mars í Digranesi og voru leiknir undanúrslita- og úrslitaleikir í karla- og kvennaflokki. Karlalið Hamars og kvennalið HK fóru með sigur að hólmi og eru Kjörísbikarmeistarar 2021.

Öll úrslit og tölfraði úr leikjum má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótamál yngri flokka

Breyting varð á fyrirkomulagi mótamála yngri flokka fyrir þetta keppnistímabil en mótanefnd tók alfarið yfir mótamál yngri flokka. Undanfarin ár hefur yngriflokkaneftnd haldið utan um mótamálin en ákveðið var að koma mótamálum sambandsins meira inn á skrifstofu og undir mótanefnd eins og önnur mótamál sambandsins.

Mótamál yngri flokka á liðnu keppnistímabili voru töluvert lituð af þeim takmörkunum sem voru í þjóðfélaginu. Fresta þurfti Íslandsmóti yngri flokka í október ásamt héraðsmóti í nóvember. Í febrúar fékkst leyfi frá ÍSÍ og sóttvarnaryfirvöldum að halda bikarmót yngri flokka á Akureyri en töluverða skipulagningu þurfti til að mótið gæti farið fram. Keppt var í U16 og U14 kvenna og U15 karla.

Íslandsmót U12 og helgarmót U10 og U8 fór fram á Akureyri 24. maí og í Neskaupstað, helgina 29.-30. maí fór fram Íslandsmót hjá U16 og U14 kvenna ásamt U15 karla. Mótin lukkuðust vel og eiga mótshaldarar hrós skilið fyrir framkvæmd miðað við þær fjöldatakmarkanir sem voru í þjóðfélaginu.

Öll úrslit úr bikarkeppni og Íslandsmóti yngri flokka má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótanefnd BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Friðrika Marteinsdóttir

Óskar Þórðarson

Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ

Formaður: Andri Hnikarr Jónsson

Nefndarfólk: Velina Apostolova, Steinn Einarsson, Kristín Salín Þórhallsdóttir, Valþór Ingi Karlsson

Starfsmaður: Burkhard Disch

Samkomutakmarkanir hafa haft mikil áhrif á störf nefndarinnar í vetur. Nefndin hefur verið að vinna að því að reyna að setja upp skipulag fyrir námskeiðin í þjálfaramenntun BLÍ en í vetur hefur ekki verið hægt að fylgja því eftir eins og vonast var til. Markmiðið var að ná að halda BLÍ 1 og BLÍ 2 síðastliðið haust og svo aftur núna í vor ásamt BLÍ 3 í fyrsta skiptið. Hins vegar náðist ekki að halda þessi námskeið og hefur þessi áætlun í raun frestast um ár en nær vonandi flugi næsta vetur.

Haldið var fjarnámskeið í desember í DataVolley fyrir þjálfara og fulltrúa félaga. Það var Burkhard sem hafði umsjón með því og þátttaka var góð. Stefnt er að því að vinna meira með það.

Nefndin hefur líka haft fulltrúa í vinnuhópnum sem vinnur nú að því að skipuleggja Grunnskólamót BLÍ um allt land næsta haust. Það er stórt verkefni og mikil vinna sem er í gangi þar. Fyrirhugað er að halda Grunnskólamót í öllum landshlutum í október og verða mótin líklega 11 í heildina. Það er gríðalega mikilvægt að blak-félögin taki þátt í þessu og aðstoði við framkvæmdina ásamt því að vera klár í að nýta meðbyrinn og grípa inn áhugasama iðkendur í framhaldi af mótunum á sínum stað.

Nokkrar fyrirspurnir hafa komið til nefndarinnar í vetur varðandi aðgengi að æfingum og leikjum tengdu blaki. Hnikarr hefur verið síðustu 2 ár að safna saman æfingum og leikjum í lítinn æfingabanka sem hefur verið sent á þá sem leitað hafa eftir upplýsingum. Þessu hefur verið vel tekið og vonandi verður hægt að stækka það verkefni og gera það aðgengilegra og hugsanlega hægt að nýta þekkingu reyndra þjálfara til að aðstoða við að búa til gott safn fyrir íþróttakennara og óreyndari þjálfara.

Andri Hnikarr Jónsson

Skýrsla strandblaknefndar

Strandblaknefndin var óbreytt sumarið 2020 en eftir sumarið tók Valgeir Bergmann við formennsku nefndarinnar af Guðmundi Hauksyni. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir voru fjögur stigamót haldin auk unglingamóts í byrjun júní. Íslandsmót var haldið í lok ágúst þar sem Íslandsmeistarar voru krýndir en þá voru komnar mjög strangar samkomutakmarkanir og mótahaldið því snúið.

Alls voru 150 leikmenn á stigalistanum í strandblaki kvenna sumarið 2020 en Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir urðu stigameistarar. Í karlaflokki voru 113 leikmenn á stigalistanum og var Janis Novikovs stigameistari sumarið 2020.

Íslandsmótið í strandblaki 2020

Íslandsmótið var haldið í Laugardalnum, Árbæ og í Fagralundi um miðjan ágúst og tóku 53 lið þátt sem er svipaður fjöldi og árið áður.

Íslandsmeistarar í kvennaflokki urðu þær Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir. Annað sæti skipuðu þær Thelma Dögg Grétarsdóttir og Michelle Traini en leikinn um í 3. sætið sigruðu þær Velina Apostolova og Kristina Apostolova.

Íslandsmeistarar í karlaflokki urðu þeir Emil Gunnarsson og Austris Bukovskis en þeir unnu Piotr Kempisty og Rapolas Berzinis í úrslitaleiknum. Bronsverðlaun hirtu svo Benedikt Baldur Tryggvason og Karl Sigurðsson.

Ekki var keppt í Íslandsmóti unglinga sumarið 2020.

Lokaorð

Strandblak er í mikilli sókn á Íslandi. Ljóst er á nýtingu valla í byrjun sumars 2021 að fleiri velli vantar á höfuðborgarsvæðið. Með mikilli fjölgun fylgir aukinn þrýstingur á að hægt verði að spila strandblak allt árið um kring og er búið að stofna félag um gangsetningu strandblakhúss á höfuðborgarsvæðinu. Það mun verða til þess að aðgengi allan ársins hring verður mun betra þegar inniaðstaðan er komin en stefnt er að opnun hússins í haust.

Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ, Valgeir Bergmann, Benedikt Baldur Tryggvason, Sigurður Garðar Barðason.

Skýrsla afreksnefndar BLÍ

Afreksnefnd BLÍ skipa Dagbjört Víglundsdóttir, formaður, Kristján Geir Guðmundsson, Steinn Einarsson og Ásthildur Gunnarsdóttir. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni innandyra sem utan. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Afreksmál Blaksambandsins Íslands hafa verið í lamasessi á þessu ári. Engin landsliðsverkefni hafa verið á starfsárinu vegna COVID19 en hætta þurfti við þátttöku með öll unglingalandsliðin vegna ferðatakmarkana.

Verkefni nefndarinnar hefur verið fyrst og fremst fólgið í því að finna samstarfsaðila með búninga fyrir landsliðin. Nokkrir aðilar hafa komið til greina og hefur verið rætt við aðila sem eru áhugasamir að koma í samstarf með BLÍ. Ekkert hefur þó verið ákveðið í þessum efnum.

Þegar horft er á næstu misseri með landsliðsverkefni er reynt að finna verkefni fyrir A landsliðin okkar og sérstaklega unglingalandsliðin. U17 og U19 liðin munu líklega fara á NEVZA mótin í haust verði þau haldin en þeim var aflýst síðasta haust. Einnig er verið að finna leiðir til að halda unglingamót í SCA, U20 karla og U19 kvenna en síðara mótið verður haldið á Íslandi ef færi gefst í haust.

Það eru þó jákvæðar fréttir af landsliðsmálum því nú um helgina, 4.-6. júní fer fram Smáþjóðamót SCA í strandblaki fram í Skotlandi. Þar á Ísland tvö lið þar sem Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir ætla að keppa saman en annað lið skipa svo Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir.

Þessi þör munu svo keppa í strandblaki í allt sumar, Elísabet og Berglind í Danmörku og Jóna og Thelma á Ítalíu. Bæði lið hafa síðan skráð sig í nokkur World Tour mót sem fara fram víðsvegar um Evrópu en erfitt er að komast inn á þessi mót.

Það er gríðarlega mikilvægt að afreksstarfi sé haldið áfram þrátt fyrir erfiðan tíma undanfarna 14-16 mánuði. Afrekssjóður ÍSÍ hefur komið með styrki til BLÍ vegna málaflokksins og er ljóst að taka verður þátt í verkefnum til að hækka stöðu íþróttarinnar okkar hér á landi.

Afreksnefnd BLÍ - Dagbjört Víglundsdóttir

Skýrsla dómarnefndar BLÍ

Í nefndinni voru Leifur Harðarson, Jón Ólafur Valdimarsson, Sævar Már Guðmundsson. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með dómaramálum á Íslandi. Fjölgun liða í Íslandsmóti BLÍ gerir það að verkum að fjölga þarf dómurum samhliða.

Á árlegum fundi dómara í haust var farið vel yfir þau mál sem snúa að dómurum og dómgæslu. Á fundinum var mikið rætt um áhyggjur félaganna um að línuvarsla sé ekki nógu góð. Því var það ítrekað að dómarar leikja í Mizunodeildinni þurfi að ná tengingu við línuverðina fyrir leik með smá spjalli um þeirra hlutverk og fræða þá í þessu hlutverki í leiknum. Í vetur gekk vel að manna leiki þrátt fyrir samkomutakmarkanir en undir lok tímabilsins var orðið erfitt að manna þar sem leikið var mjög þétt. Dómarar voru sendir frá höfuðborgarsvæðinu út á land í úrslitakeppninni sérsaklega og gaf það góða raun.

Dómaranefnd sinnir fræðslu og þjálfun fyrir dómara í blaki. Það er mikilvægt að dómarar haldi sér við til að ná að halda í við nýjustu reglur og viðmið sem gefin hafa verið út. Ljóst er að fjölga þarf dómurum sem starfa að jafnaði við leiki í deildakeppninni og bæta í leiðinni gæði dómgæslunnar.

Dómaranefnd BLÍ þakkar þeim dómurum sem störfuðu á síðasta starfsári fyrir vel unnin störf og vonast er eftir góðu samstarfi í framtíðinni.

Dómaranefnd BLÍ



Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2020

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur


Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2020 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2020, efnahagsreikningi þann 31. desember 2020 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með undirritun okkar


Sævar Már Guðmundsson
framkvæmdastjóri BLÍ


Grétar Eggertsson
formaður BLÍ


Árni Jón Eggertsson
gjaldkeri BLÍ


Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2020. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.

Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.


Hjörtur Bjarki Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður

Akureyri, 1. júní 2021


Davíð Búi Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2020

	skýr	2020	2019
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	29.530.132	34.634.258
Mótatekjur.....	2	8.422.459	15.075.195
Aðrar tekjur.....	3	4.249.433	19.795.429
		<u>42.202.024</u>	<u>69.504.882</u>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	18.669.816	20.301.748
Íþróttaleg viðskipti.....	5	14.746.952	45.430.484
Kynning og fræðsla.....	6	1.605.984	2.237.397
Önnur gjöld.....	7	173.167	812.893
Afskriftir.....	8	501.000	250.000
		<u>35.696.919</u>	<u>69.032.522</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		6.505.105	472.360
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	124.628	26.601
Vaxtagjöld.....	10	(436.015)	(380.622)
		<u>(311.387)</u>	<u>(354.021)</u>
Hagnaður ársins		<u>6.193.718</u>	<u>118.339</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	skýr	2020	2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	346.086	346.086
Blakdúkur.....	12	<u>500.000</u>	<u>750.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>846.086</u>	<u>1.096.086</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	5.696.124	4.962.500
Handbært fé	14	<u>7.911.339</u>	<u>2.322.310</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>13.607.463</u>	<u>7.284.810</u>
 Eignir samtals		<u>14.453.549</u>	<u>8.380.896</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	skýr	2020	2019
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	15	<u>9.994.255</u>	<u>3.800.537</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>9.994.255</u>	<u>3.800.537</u>
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	0	1.273.496
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....	17	0	1.336.332
Ógreiddur kostnaður.....	18	0	375.720
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	<u>4.459.294</u>	<u>1.594.811</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>4.459.294</u>	<u>4.580.359</u>
 Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>14.453.549</u>	<u>8.380.896</u>

Sundurliðanir

Tekjur

2020

2019

Framlög og styrkir

Útbreiðslustyrkur ÍSí.....	3.785.200	3.137.016	
Lottó.....	11.237.431	9.026.243	
Erasmus.....	496.039		
Afreksstyrkir ÍSí.....	6.748.475	11.377.681	
Ríkisstyrkur.....	5.109.285	3.140.000	
Aðrir styrkir.....	2.153.702	7.953.318	
	<u>29.530.132</u>	<u>34.634.258</u>	1

15100 Bikarkeppni

Þátttökugjöld.....	166.000	420.000	
styrktaraðilar.....		1.225.000	
aðgangseyrir.....		535.022	
	<u>166.000</u>	<u>2.180.022</u>	2

15200 Íslandsmót

Þátttökugjöld.....	7.917.359	12.246.500	
fjölmiðlagjald.....			
styrktaraðilar.....			
	<u>7.917.359</u>	<u>12.246.500</u>	2

2020

2019

15400 Strandblaksmót

Þátttökugjöld.....	339.100	400.000	
styrktaraðilar.....		39.800	
	<u>339.100</u>	<u>31.500</u>	2

15550 Alþjóðamót

Tekjur v/EM frá þjóðum og CEV ofl.....		208.873	
	<u>0</u>	<u>208.873</u>	2

Mótatekjur samtals

8.422.459 15.075.195

Fjáraflanir

13000 Yngriflokkaneftnd

Þátttökugjöld Öldungamót BLÍ.....		1.800.000	
Afreksbúðir BLÍ.....			
Blak í skóla / hæfileikabúðir.....	216.336	206.014	
	<u>216.336</u>	<u>2.006.014</u>	3

14100 A Landslið karla

Ferðagjald.....	436.500	1.080.500	
Styrkir.....		142.194	
	<u>436.500</u>	<u>1.222.694</u>	3

14200 A landslið kvenna

Ferðagjald.....	335.195	1.145.000	
Styrkir.....		302.700	
	<u>335.195</u>	<u>1.447.700</u>	3

	2020	2019	
14400 U 19			
ferðagjald.....		2.119.500	
Styrkir.....		364.297	
	0	2.483.797	3
14500 U 17			
ferðagjald.....		2.870.000	
sala styrkir.....		774.067	
	0	3.644.067	3
Aðrar fjáraflanir			
Landslið.....	0	2.002.711	
lökendagjald.....	2.039.500	4.291.000	
	2.039.500	6.293.711	3
Annað			
félagaskipti.....	830.808	1.313.502	
sala fræðsluefnis.....	50.000	1.356.560	
aðrar tekjur.....	341.094	27.384	
	1.221.902	2.697.446	3
Aðrar tekjur samtals	4.249.433	19.795.429	3
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld			
laun.....	10.250.875	12.187.533	
tryggingagjald.....	728.507	900.319	
mótframlag í lífsj.....	1.016.625	1.209.888	
mótframlag í séreignarsjóð.....	205.019	243.751	
Endurhæfingasjóður.....	10.252	12.188	
mótframlag til stéttarfélags.....	155.185	184.532	
dagpeningar.....	1.588.400	1.755.000	
	13.954.863	16.493.211	4
32000 Stjórnunarkostnaður			
funda og þingkostnaður.....	503.779	781.493	
kaffikostnaður og risna.....	403.449	353.400	
tölvukostnaður heimasíða.....	676.208	854.811	
lögfræðikostnaður.....	284.069	0	
vegna funda erlendis.....	261.810	269.227	
húsaleiga.....	618.798	589.392	
	2.748.113	2.848.323	4

	2020	2019	
53000 Rekstur skrifstofu			
sími.....	204.586	229.323	
ritföng.....	83.770	52.123	
prentun.....	10.000	2.212	
póstkostnaður.....	4.482	3.303	
gjaldfærð áhöld.....	965.835	133.999	
annar skrifstofukostnaður.....	698.167	539.254	
	<u>1.966.840</u>	<u>960.214</u>	4
Yfirstjórn samtals	18.669.816	20.301.748	
 34100 A-landslið karla			
ferðir karla.....	791.265	5.028.458	
gisting og uppihald.....	166.950	306.773	
ferðakostaður innanlands kk.....	158.399	667.789	
búningar.....	46.596	261.619	
leyfisgjöld og tryggingar.....	74.777	104.878	
fagteymi.....	614.659	480.916	
þjálfarar.....	951.984	1.778.448	
annað.....	97.176	413.194	
	<u>2.901.806</u>	<u>9.042.075</u>	5
 34200 A-landslið kvenna			
ferðir kvenna.....	573.860	4.848.424	
leyfisgjöld og tryggingar.....	74.778	103.578	
fagteymi.....	534.550	380.678	
ferðakostnaður innanlands	227.399	311.930	
þjálfarar.....	1.458.019	1.759.937	
búningar.....		73.855	
annað.....	84.600	536.155	
	<u>2.953.206</u>	<u>8.014.557</u>	5
 36000 Strandblak - landslið			
ferðir strand.....	188.874	270.600	
gisting.....			
ferðakostnaður innanlands			
	<u>188.874</u>	<u>270.600</u>	5

	2020	2019	
37000 U 19			
ferðir	67.676	3.298.156	
gisting og uppihald u19.....		1.512.797	
fagteymi.....		80.630	
ferðakostnaður innanlands	130.140	895.156	
þjálfarar.....	117.000	214.153	
annað.....	67.075	174.759	
	<u>381.891</u>	<u>6.175.651</u>	5
57000 U 17			
ferðir kvk.....		4.404.806	
gisting og uppihald.....		1.280.432	
fagteymi.....		124.015	
ferðakostnaður innanlands.....	145.000	658.722	
þjálfarar.....	165.000	727.174	
annað.....		495.630	
	<u>310.000</u>	<u>7.690.779</u>	5
42000 Íslandsmót			
Húsaleiga.....		180.000	
dómarar.....	5.434.376	5.887.085	
verðlaun.....	95.550	373.580	
útsending.....		460.000	
ferðakostnaður	57.812	261.598	
annað.....	<u>1.679.434</u>	<u>1.980.009</u>	5
	<u>7.267.172</u>	<u>9.142.272</u>	
43000 Yngriflokkamót			
Verðlaun.....	118.400	72.795	
ferðakostnaður þjálfara.....		22.200	
annað.....		50.000	
45000 Strandblaksmót			
verðlaun.....		129.700	
Dómarar.....			
annað.....			
	<u>0</u>	<u>129.700</u>	5
49000 EM smáþjóða			
heimaleikir EM.....		3.187.425	
48500 Bikarmót			
húsaleiga.....		155.920	
dómarar.....	168.860	310.944	
verðlaun.....	93.682	89.500	
ferðakostnaður.....	23.154	23.603	
prentun (útsending).....	184.636	983.720	
annað.....	<u>155.271</u>	<u>68.743</u>	
	<u>625.603</u>	<u>1.632.430</u>	
			5
Íþróttaleg viðskipti samtals	14.746.952	45.430.484	5

56000 kynning fræðsla útbreiðsla

	2020	2019
ferðakostnaður o.fl.....	1.069.624	1.224.726
styrkir.....		376.000
annar kostnaður v/útbreiðslu.....	250.000	636.671
námskeið.....	286.360	
	<u>1.605.984</u>	<u>2.237.397</u>

6

	2020	2019	
ýmislegt			
ýmis kostnaður.....	3.889		
þjónustugjöld banka.....	29.279	58.411	7
árgjöld NEVZA	86.268	75.141	7
árgjöld CEV.....	39.163	35.500	7
árgjöld FIVB.....	14.568	12.638	7
árgjöld SCD.....		24.094	7
Afskrifaðar kröfur.....	0	607.109	7
fyrningar.....	501.000	250.000	7
	<u>674.167</u>	<u>1.062.893</u>	8

fjárm.tekjur og gjöld

vaxtatekjur.....	124.628	26.601	
vaxtagjöld.....	(189.656)	(293.206)	9
dráttarvextir.....	(26.694)	(84.813)	10
gengismunur.....	2.712	8.094	10
korta payments.....	(52.779)	(8.388)	10
greiðslukortaóknu.....	(164.859)		10
fjármagnstekjuskattur.....	(4.739)	(2.309)	10
	<u>(311.387)</u>	<u>(354.021)</u>	10

Sundurliðanir

Eignir

	2020	2019	
Tölvubúnaður.....	346.086	346.086	11
Blakdúkur.....	500.000	750.000	12
Viðskiptakröfur inneign hjá félögum.....	165.000	165.000	13
viðskiptakröfum sölukerfi.....	2.245.400	3.997.500	13
greiðslumiðlun.....	32.966		13
viðskiptareikningur ÍSí.....	3.252.758		13
viðskiptareikningur ÍSí sjóðir.....	0	800.000	13
reikningur 7570.....	5.648.198	0	14
reikningur 4062.....	487	0	14
reikningur 1918.....	0	0	14
reikningur 2272 kvk landslið (88240).....	126	21.120	14
reikningur 2271 kk landslið (88250).....	131	4.130	14
reikningur strand 7571 (88260).....	339.231	39.088	14
gjalddeyrisreikningur (88270).....	115.352	553.266	14
vörslusafn ISB 95706 (89100).....	1.807.814	1.704.706	14
	<u>14.453.549</u>	<u>8.380.896</u>	

Skuldir

reikningur 7570.....	(1.273.496)		16
			16
viðskiptareikningur ÍSí.....	(1.336.332)		17
ógreiddur kostnaður/aun.....	(375.720)		18
ógreiddir tryggingargjald.....	(103.990)	(77.989)	19
ógreidd staðgreiðsla.....	(315.120)	(245.509)	19
ógreidd lífeyrissjóðsgjöld.....	(204.510)	(212.478)	19
ógreitt meðlag.....	(35.565)	(34.362)	19
ógreitt til stéttarfélaga.....	(23.867)	(24.473)	19
endurgreiðsla mótagjalda.....	(3.769.000)		19
korta.....	(7.242)	(1.000.000)	19
	<u>(4.459.294)</u>	<u>(4.580.359)</u>	

Eigið fé

Staða 1/1.....	3.800.537	3.682.198	
Afkoma ársins.....	6.193.718	118.339	
	<u>9.994.255</u>	<u>3.800.537</u>	15

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ

þann 14. júní 2020 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ – Gull	ár	Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár
John Framnes	1973	Arngrímur Þorgrímsson	
Albert H.N. Valdimarsson	1973	Jón Ólafur Valdimarsson	
Anton Bjarnason	1975	Stefán Jóhannesson	
Hermann Stefánsson	1974	Jason Ívarsson	
Ólafur Sigurðsson	1993	Leifur Harðarson	
Kjartan Páll Einarsson	1995	Björn Guðbjörnsson	
Guðmundur Arnaldsson	1995	Elma Guðmundsdóttir	
Gunnar Árnason	1997	Guðrún Kristín Einarsdóttir	
Halldór Jónsson	1997	Jón Árnason	
Grímur Magnússon	1997	Sigurður Arnar Ólafsson	
Stefán Jóhannesson	1999	Þorvarður Bragi Sigfússon	
Arngrímur Þorgrímsson	2001	Berglind Þórhallsdóttir	1997
Björn Guðbjörnsson	2001	Stefán Magnússon	1998
Valdimar Örnólfsson	2001	Vilborg Guðmundsdóttir	2004
Berglind Þórhallsdóttir	2002	Geir Guðnason	2004
Björgólfur Jóhannsson	2002	Ástríður Valbjörnsdóttir	2007
Leifur Harðarson	2002	Haukur Valtýsson	2008
Petrún Björg Jónsdóttir	2002	Gunnar Garðarsson	2008
Skjöldur Vatnar Björnsson	2002	Davíð Búi Halldórsson	2008
Þorvaldur Sigurðsson	2002	Viðar Gylfason	2008
Jónas Traustason	2003	Vigfús Örn Gíslason	2008
Dr. Ingimar Jónsson	2005	Zdravko Demirev	2009
Júlíus Hafstein	2006	Karl Sigurðsson	2009
Sigurður Arnar Ólafsson	2008	Ásta Sigrún Gylfadóttir	2011
Vignir Þröstur Hlöðversson	2008	Svala Vignisdóttir	2012
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	2008	Kristján Geir Guðmundsson	2012
Jón Ólafur Valdimarsson	2012	Miglana Apostolova	2012
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2012	Einar Sigurðsson	2012
Karl Sigurðsson	2012	Apostol Apostolov	2012
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2014	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	2012
Einar Sigurðsson	2014	Brynjar Júlíus Pétursson	2012
Emil Gunnarsson	2018	Aðalsteinn Einar Eymundsson	2012
Fríða Sigurðardóttir	2018	Sævar Már Guðmundsson	2014
Jason Ívarsson	2019	Halldór Ingi Kárasen	2014
Vilborg Guðmundsdóttir	2020	Sigurlaugur Ingólfsson	2014
		Björg Ragna Erlingsdóttir	2014
		Hrafnhildur Theódórsdóttir	2014
		Óskar Hauksson	2015
		Hildur Mósesdóttir	2017
		Grétar Eggertsson	2016
		Filip Pawel Szczczyk	2018
		Una Kristjana Jónatansdóttir	2018
		Karl Matthías Valtýsson	2018
		Ólafur Jóhann Júlíusson	2018
		Árni Jón Eggertsson	2018
		Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2018
		Mundína Ásdís Kristinsdóttir	2018

Silfurmerkishafa BLÍ silfur **ár**

Sunna Þrastardóttir	2019
Gunnþór Jens Matthíasson	2019
Andri Hnikarr Jónsson	2019
Sigríður Halldóra Pálsdóttir	2019
Brynja Guðjónsdóttir	2019
Hrafnhildur Brynjólfsson	2019
Magnús Haukur Ásgeirsson	2020
Heiða Ösp Jónsdóttir	2020
Halldór Elvarsson	2020
Eyrún Harpa Hlynisdóttir	2020
Auður Ösp Jónsdóttir	2020
Steinn Einarsson	2020

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir	1997
Birna Hallsdóttir	2007
Vignir Hlöðversson	2007
Emil Gunnarsson	2007
Ólafur Heimir Guðmundsson	2007
Fríða Sigurðardóttir	2007
Róbert Karl Hlöðversson	2009
Valur Guðjón Valsson	2009
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2011
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2013
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	2015
Karen Björg Gunnarsdóttir	2016
Kristján Valdimarsson	2016
Hafsteinn Valdimarsson	2016
Alexander Stefánsson	2017
Hjördís Eiríksdóttir	2017
Erla Rán Eiríksdóttir	2019
Lúðvík Már Matthíasson	2019
Thelma Dögg Grétarsdóttir	2020

Heiðursformenn BLÍ

Albert H.N. Valdimarsson	2012
Dr. Ingimar Jónsson	2012
Tómas Tómasson	2012
Guðmundur Arnaldsson	2012
Björgólfur Jóhannsson	2012
Skjöldur Vatnar Björnsson	2012
Kjartan Páll Einarsson	2012
Arngrímur Þorgrímsson	2012
Björn Guðbjörnsson	2012
Stefán Jóhannesson	2012
Júlíus Hafstein	2012
Jason Ívarsson	2019

Viðaukar - Strandblak

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis
2018 – Austris Bukovskis og Sigþór Helgason
2019 – Sigþór Helgason og Miguel Mateo Castrillo
2020 – Emil Gunnarsson og Austris Bukovskis

Í kvennaflokki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
2018 – Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir
2019 – Hulda Elma Eysteinsdóttir og Paula Del Olmo
2020 – Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir

Fjöldi dæmdra leikja

2020-2021

Fjöldi

Angelica Orobio	4
Atli Freyr Björnsson	16
Árni Jón Eggertsson	29
Bjarni Páll Vilhjálmsson	8
Guðný Rut Guðnadóttir	12
Guðrún Ósk Ólafsdóttir	16
Gunnar Garðarsson	24
Haraldur Örn Björnsson	4
Hlöðver Hlöðversson	1
Ismar Hadziredzepovic	19
Ísak Már Aðalsteinsson	5
Jason Ívarsson	7
Jón Ólafur Valdimarsson	16
Katarzyna Melzacka	20
Kristján Geir Guðmundsson	24
Marinó Þorsteinsson	22
Óskar Þórðarson	9
Sigríður Pálsdóttir	19
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	4
Sigurður Jón Hreinsson	3
Sigurfinnur Líndal Stefánsson	8
Sólveig Pálsdóttir	3
Sævar Már Guðmundsson	34
Valgeir Valgeirsson	5
Zdravko Demirev	30
Þorsteinn Guðnason	13
Þorvaldur Þorsteinsson	5

Alls	360
------	-----